

9., 10. & 11. JANÚAR
2025

HARPA
ELDBORG

Vínartónleikar Sinfóníunnar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Lengd tónleikanna er um það bil
tvær klukkustundir með hléi.

Tónlistarflutningur í framhúsi fyrir tónleika og í hléi:
Kári Egilsson píanóleikari

Í tilefni Vínartónleikanna er selt
svalandi freyðivín og kampavín á börum í hléi.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV
og sendir út á Rás 1 þann 12. janúar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Vínartónleikar Sinfóníunnar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. & 10. JANÚAR KL. 19:30
& 11. JANÚAR KL. 16:00 & 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ville Matvejeff

hljómsveitarstjóri

Bryndís Guðjónsdóttir

einsöngvari

Einar Dagur Jónsson

einsöngvari

Dansarar

Denise Margrét Yaghi

Gylfi Már Hrafnsson

María Tinna Hauksdóttir

Þorkell Jónsson

Lovísa Lilja Brim Þórarinsdóttir

Svavar Erlendsson

Johann Strauss yngri

Die Fledermaus (Leðurblakan)

forleikur

Carl Millöcker

Ich hab kein Geld, bin vogelfrei

aríá úr óperettunni Der Bettelstudent

Johann Strauss yngri

Mein Herr Marquis

aríá úr óperettunni Die Fledermaus

Kuss-Walzer

Uhrenduett

úr óperettunni Die Fledermaus

Vergnügungszug

Émile Waldteufel

Les Patineurs (Skautavalsinn)

Hlé

Ethel Smyth

The Botswain's Mate

forleikur

Émile Waldteufel

España

vals

Rudolf Siczzyński

Wien du Stadt meiner Träume

Vínarljóð

Emmerich Kálmán

Heia in den Bergen

aríá úr óperettunni Die Czárdásfürstin

Johann Strauss yngri

Klipp-Klapp Galopp

hraður polki úr óperettunni Der Waldmeister

Emmerich Kálmán

Ich bitte, nicht lachen

dúett úr óperettunni Gräfin Mariza

Johann Strauss yngri

An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Ville Matvejeff

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Ville Einar Matvejeff (f. 1986) hefur skapað sér nafn sem hljómsveitarstjóri, tónskáld og píanisti. Hann er listrænn stjórnandi Óperuhátíðarinnar í Savonlinna, aðalgestastjórnandi hljómsveitar Norrlandsóperunnar í Umeå (Svíþjóð). Þá var hann aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Jyväskylä frá 2014 til 2022 og aðalgestastjórnandi sem og tónlistarráðgjafi Króatíska þjóðarleikhússins HNK Ivan Zajc í Rijeka. Hann hefur meðal annars staðið á hljómsveitarstjórapi filharmóníuhljómsveitanna í Helsinki, Duisburg og Tampere, Tapiola Sinfonietta, Slóvensku sinfóníuhljómsveitarinnar, Sinfóníunni í Lahti, Ulster-hljómsveitarinnar, Sænsku útvarpshljómsveitarinnar og Óperunnar í Gautaborg.

Matvejeff hefur stjórnað fjölmörgum óperum, þar á meðal allt frá *Brúðkaupi Figarós* til nýrri verka á borð við *Lear* eftir Aribert Reimann *Síðustu freistinguna* eftir Joonas Kokkonen, *Rauðu línuna* eftir Aulis Sallinen og *Adriana Mater* eftir Kaiju Saariaho. Þá stjórnaði hann tónleikauppfærslu á Wagneróperunni *Parsífal* á tónlistarhátíðinni í Turku árið 2017 og sýningum á *Hans og Grétu* eftir Humperdinck í Malmö-óperunni. Í Króatíska þjóðarleikhúsinu Ivan Zajc í Rijeka hefur hann meðal annars stjórnað óperunum *Elektra* eftir Richard Strauss, *Tristan og Ísold* eftir Wagner, *La Bohème* eftir Puccini og Verdi-óperunum *Aidu*, *Falstaff* og *Otello*. Þá stýrði hann heimsfrumflutningi á óperu Aulis Sallinen *Kastalinn í vatninu* sumarið 2017.

Átján ára gamall þreytti Ville Matvejeff frumraun sína sem píanóleikari með Finnску útvarpshljómsveitinni. Síðan þá hefur hann meðal annars unnið með sópransöngkonunni Karitu Mattila og leikið með henni í Vínaróperunni, Wigmore Hall í London og óperunni í Zürich í Sviss. Sem tónskáld hefur hann skrifað verk fyrir Finnску kammersveitina og fyrir opnun Tónlistarmiðstöðvarinnar í Helsinki 2011 samdi hann fiðlukonsert að beiðni Finnску útvarpshljómsveitarinnar. Þá hefur Matvejeff samið fjölmörg verk fyrir kóra.



Bryndís Guðjónsdóttir

EINSÖNGVARI

Bryndís Guðjónsdóttir lauk bakkalár- og meistaragraðu í óperusöng með láði frá Mozarteum-háskólanum í Salzburg í Austurríki. Að baki var framhaldspróf í söng frá Tónlistarskóla Kópavogs árið 2016 þar sem hún lærði hjá Önnu Júlíönu Sveinsdóttur og nám í Listaháskóla Íslands þar sem hún naut leiðsagnar Þóru Einarsdóttur, Kristins Sigmundssonar og Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur.

Bryndís er handhafi nokkurra verðlauna. Árið 2022 vann hún fyrstu verðlaun og sérstök verðlaun í XVIII Certamen Nuevas Voces keppninni í Sevilla. 2021 hlaut hún fyrstu verðlaun í Riccardo Zandonai keppninni í Garda á Ítalíu. Hún var sigurvegari í keppni Ungra einleikara á Íslandi árið 2018 með Sinfóníuhljómsveit Íslands og þá sigraði hún í Dušek keppninni í Prag árið 2018.

Bryndís hefur komið fram á fjöllum margra óperuhúsa og sungið með mörgum sinfóníuhljómsveitum. Þar má nefna Aalto Theater Essen, Semperoper Dresden, Theater Kiel, Theater Kassel, Liederhalle Stuttgart, Isarphilharmonie í Hamborg og Gasteig í München, Teatro de la Maestranza í Sevilla, Teatro Verdi í Martina Franca sem og í Salzburg, Prag, Róm, Vilnius, og Madrid.

Meðal óperuhlutverka sem Bryndís hefur sungið opinberlega eru Ännchen í *Freischütz* eftir Weber, Fyrsta dama og Næturdrottningin í *Töfraflautunni* eftir Mozart, Erste Dienerin í *Frau ohne Schatten* eftir Richard Strauss, Kúnígúnd í *Candide* eftir Bernstein, Greifafrú í *Gli Uccellatori* eftir Florian Gassmann, Belinda í *Dido og Aeneas* eftir Purcell og Giulietta í *Ævintýrum Hoffmanns* eftir Jacques Offenbach.

Þá er hún reglulegur gestur Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Prag undir stjórn Heikos Mathias Förster.



Einar Dagur Jónsson

EINSÖNGVARI

Einar Dagur Jónsson tenór er fæddur í Reykjavík árið 1996. Hann hóf söngnám árið 2013 í Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Egils Árna Pálssonar, Antoniu Hevesi og Jóhanns Kristjánssonar.

Síðar stundaði Einar nám við tónlistarskólann Institut für Musiktheater í Karlsruhe þar sem Stephan Kohlenberg var hans aðalkennari og árið 2022 hóf hann nám við tónlistarskólann í Leipzig hjá Roland Schubert.

Á Íslandi hefur Einar komið fram sem einsöngvari á fjölmörgum tónleikum, þar á meðal með Kór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar, í uppfærslu Óperukórsins í Reykjavík á La Traviata og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum hljómsveitarinnar árið 2015 undir stjórn Ricos Saccani.

Á erlendri grundu hefur Einar sungið víða og við ýmis tækifæri. Má þar nefna einsöng við tónlistarhátíðir á borð við Volksfestspiele Ötigheim á stæsta útisviði Þýskalands, Schlossfestspiele Ettlingen og Sommerfestspiele Weikersheim.

Frá og með þessu leikári er Einar fastráðinn við Óperuna í Leipzig, þar sem hann mun koma fram í ellefu mismunandi hlutverkum, þar á meðal sem Froh í Rínargullinu eftir Wagner, Pluto í Orfeus í undirheimunum eftir Offenbach, Nornin í Hans og Grétu eftir Humperdinck, á óperettutónleikum í leikhúsinu Die Musikalische Komödie í Leipzig. Þá syngur hann í óperunni Lady Macbeth eftir Shostakovitsj í beinu streymi Arte frá Shostakovitsj hátíðinni með Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig undir stjórn Andris Nelsons.



Johann Strauss yngri


Vínartónlistin í ár

Vínartónleikar hafa verið árlegur viðburður í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Í ár fagnar heimsbyggðin 200 ára fæðingarafmæli valsakóngsins Johanns Strauss en hann fæddist í Vínborg 25. október 1825 og lést þar 3. júní 1899. Líkt og á tónleikunum árið 1981 og mörgum undanfarinna Vínartónleika gefur forleikurinn að óperettu hans Leðurblakan upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er **Die Fledermaus** eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínborg í kringum áramót. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien þann 5. apríl árið 1874. Var 150 ára afmæli *Leðurblökunnar* fagnað um víða veröld á nýliðnu ári.

Carl Millöcker (1842–1899) var áberandi persónuleiki í tónlistarlífi Vínborgar á ofanverðri nítjándu öld. Var stundum talað um þríeykið Franz von Suppé, Johann Strauss yngri og Millöcker sem stórmenni hinnar léttari Vínartónlistar aldarinnar. Hann starfaði sem flautuleikari í Vín og Graz og samdi nokkrar óperettur en með óperettunni Betlistúdentinn reis stjarna hans hátt og gerði honum kleift að einbeita sér að tónsmíðum. Var *óperettan* flutt í Þjóðleikhúsinu árið 1959 við miklar vinsældir. Í *árlunni Ich hab kein Geld, bin vogelfrei* syngur stúdentinn Symon um kosti þess að vera ungur, blankur og frjáls.

Næst á dagskránni eru fjögur atriði úr smíðju valsakóngsins Johanns Strauss. Í því fyrsta erum við stödd á áramótagrímuballi hins rússneska Orlofsky greifa í 2. þætti *Leðurblökunnar*. Hér eru allmargir gestir á fölskum forsendum og fela sig á bakvið grímur og tilbúin nöfn. Ein af aðalsöguhetjunum, Gabriel von Eisenstein hafði verið til dæmdur til 8 daga fangelsisvistar fyrir að móðga opinberan starfsmann og þóttist ætla að byrja refsivistina



Émile Waldteufel

pennan dag en frestaði því aðeins til að komast á ballið. Hann er nú kynntur sem Renard markgreifi fyrir Adele, þjónustustúlku sinni sem klædd er í kjól húsmóður sinnar, eiginkonu Eisenstein, og læst vera söngkona. Kjólinn hafði hún tekið ófrjálsri hendi og skrökvað upp hjartnæmri sögu til að sleppa úr vistinni og komast í gleðskapinn. Eisenstein byrjar strax að daðra við „söngkonuna“ sem svarar fyrir sig og gerir óspart grín að húsbónda sínum í ariunni **Mein Herr Marquis**.

Kusswalzer eða Kossavalsinn op. 400 samdi Strauss árið 1881 og var hann frumfluttur á hirðdansleik þann 10. janúar árið eftir undir stjórn Eduards, yngsta bróður tónskáldsins.

Aftur erum við stödd á grímuballi Orlofskys greifa. Dr. Falke hyggst hefna sín á Gabriel von Eisenstein sem réttu ári fyrr hafði skilið hann eftir á almannafæri, kófdrukinn, klæddan sem leðurblöku, og orðið honum til athlægis. Rósalinda, eiginkona Eisensteins, er mætt á ballið dulbúin sem ungversk greifynja og horfir uppá mann sinn daðra við þjónustustúlkuna Adele. Dr. Falke kynnir greifynjuna fyrir Eisenstein sem fer strax að dufla við hana (**Uhrenduett**) og dregur upp vasaúr til að mæla hversu lengi hún stenst hann. En Rósalinda þekkir eiginmann sinn bakvið grímuna, ruglar hann í talningunni og tekst að nappa úrinu sem hún notar síðar til þess að koma upp um ótrygglyndi hans.

Strauss-syrpunni lýkur með **Vergnügungszug** sem er fjörugur polki og óður tónskáldsins til járnbrautalestanna. Var verkið frumflutt á áramótaballi samtaka iðnfyrirtækja í keisarahöllinni Hofburg árið 1864.

Einn af verðugum keppinautum Strauss-veldisins var hinn franski Émile Waldteufel (1837–1915) sem fæddist í Strassburg. Fjölskyldan flutti síðar til Parísar og þar stundaði hann nám við Konservatóríð, meðal annars hjá Jules Massenet. Hann samdi um ævina á þriðja hundrað verka en þekktastur er hann fyrir **Skautavalsinn** sem alloft hefur hljómað á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Hin enska frú (Dame) Ethel Mary Smyth (1858–1944) var tónskáld, stjórnandi, rithöfundur og kvenréttindakona. Á árunum 1880–1930 gaf hún út tvo ljóðaflokka, nokkur lög fyrir rödd og píanó eða kammersveit, fjölmörg kammerverk, tvö sinfónísk verk, sex óperur, eina messu og kórsinfóníu. Á síðari árum hafa nokkur óútgefin verk hennar litið dagsins ljós. Smyth var einnig liðugur penni og eftir



Ethel Mary Smyth

hana liggja tíu bindi af endurminningum og ritgerðum frá árunum 1919–1940. Á löngum ferli ferðaðist hún margoft til Þýskalands og Ítalíu. Á þessum ferðum kynntist hún meðal annars Brahms, Clöru Schumann, Tsjajkovskíj, Grieg og hljómsveitarstjóranum Bruno Walter. Eftir andlát hennar undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar féll hún í gleysku en undanfarið hefur áhugi á henni og verkum hennar vaknað. Var óperan *The Wreckers* (Skemmdarvargarnir) flutt í Bandaríkjunum árið 2015 og upphaflega gerð óperunnar á frönsku á óperuhátíðinni í Glyndebourne sumarið 2022. Í kjölfarið fylgdu konsertuppfærslur á Proms-tónlistarhátíð breska útvarpsins og í Berlín.

Ethel Smyth samdi óperuna ***The Boatswain's Mate*** 1913–14 og var hún frumflutt undir stjórn hennar í Shaftesbury Theatre í London 29. janúar 1916. Sjálf skrifaði hún óperutextann sem er byggður á samnefndri bók eftir breska rithöfundinn William Wymark Jacobs. Um er að ræða sögupráð í léttum stíl eins og forleikurinn ber glöggt vitni.

Aftur kveður Émile Waldteufel sér hljóðs og nú með valsinum ***España*** sem síðast heyrðist á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2018. Waldteufel starfaði um hríð við hirð Napoleons III í Frakklandi en árið 1874 kynntist hann prinsinum af Wales sem síðar varð Játvarður VII konungur Englands. Flutti Waldteufel í kjölfarið búferlum til Lundúna og gerðist leiðandi kraftur í tónlistarlífi borgarinnar.

Rudolf Siczynski (1879–1952) var Austurríkismaður af pólskum ættum. Hann samdi allmörg angurvær Vínarljóð en skrifaði nafn sitt í sögubækurnar með því fyrsta, ***Wien, du Stadt meiner Träume (Vín, borg drauma minna)*** op. 1 frá árinu 1914. Einar Dagur og Sinfóníuhljómsveitin sameinast í flutningi á þessum fagra óði til hinar fornu tónlistarborgar við Dóná.

Die Czárdásfürstin eða *Sardasfurstynjan* heyrðist fyrst í Johann Strauss-leikhúsinu haustið 1915 líkt og *Der Zigeunerprimas* þremur árum fyrr. *Sardasfurstynjan* er vafalaust vinsælasta verk Emmerichs Kálmán (1882–1953) og hefur orðið langlíf í óperuhúsum um víða veröld og ratað oft sinni á hvíta tjaldið. Arían ***Heia in den Bergen*** er upphafsatriði óperettunnar og Bryndís túlkar titilpersónuna, kabaretsöngkonuna Sylvu Verescu sem syngur tilfinningaþrunginn lofsöng til heimalandsins sem kryddaður er með trylltum sígaunatönnum.



Emmerich Kálmán

Klipp-Klapp polkinn op. 466 er einn sá síðasti af hröðum polkum valsakóngsins, frumfluttur í Vín 1896. Efniviðinn sótti hann í óperettu sína Waldmeister og er aðalstefið úr atriði í upphafi óperunnar þar sem persónur og leikendur flýja inn í kornmyllu undan ofsaregni.

Óperettan *Mariza greifafrú* var frumflutt í Theater an der Wien í lok febrúarmánaðar 1924. Kemur hún fast á hæla *Sardasfurstynjunnar í vinsældum þegar* kemur að óperettum Kálmáns. *Mariza greifafrú* fjallar um titilpersónuna sem er fögur, forrík og ákveðin - og greifann Tassilo sem þurfti að veðsetja arf sinn og systur sinnar Lísu vegna skulda látins föður. Vonbiðlar Marizu, barón Zsupán og Populescu greifi koma mikið við sögu en síðast en ekki síst frænka Tassilos, furstafrú Guddenstein sem kemur til bjargar með því að kaupa til sín allar skuldir frænda síns. Allt fer vel að lokum, Mariza og Tassilo eigast, sem og Lísu og Zsupán en einnig bjargvætturinn furstafrú Guddenstein og greifinn Populescu. Í dúettinum ***Ich bitte, nicht lachen (Ég bið þig, ekki hlæja)*** syngja Mariza og Zsupán um trúlofun sína sem Mariza setti á svið til að forðast atgang annarra karlkyns aðdáenda sinna.

Í hjörtum margra Austurríkismanna er valsasyrpan ***An der schönen blauen Donau*** eða ***Dónárvalsinn*** óopinber þjóðsöngur þjóðarinnar. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um árábil. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingvi Snorrason

RADISSON BLU 1919 HÓTEL

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

88 herbergi og svítur í fallettri skandinavískri hönnun staðsett í einu
sögufrægasta húsi borgarinnar.

Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, 101 Reykjavik, Iceland
T: +354 599 1000 info.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE
radissonhotels.com/blu

Hápunktar á nýju ári



06.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Eva stjórnar Mahler

Sinfónía nr. 9 eftir Gustav Mahler er stórvirki í öllum skilningi þess orðs. Hún tekur um 90 mínútur í flutningi og krefst stórrar sinfóníuhljómsveitar. Í verkinu vinnur tónskáldið með stórar og miklar tilfinningar en þetta var síðasta sinfónían sem Mahler lauk við. Sinfónían er óhefðbundin í þeim skilningi að hægu kaflarnir eru í upphafi og lokin og hefur fjórði og síðasti kafllinn verið túlkaður sem kveðja Mahlers til heimsins í kjölfar andláts Önnu Maríu dóttur hans og hjartveiki hans sjálfs. Hljómsveitarstjórinn Herbert von Karajan mun hafa sagt að tónlist níundu sinfóníunnar eigi uppruna sinn í öðrum heimi og komi úr eilífðinni.

Verk Önnu Þorvaldsdóttur, ax, er hljómsveitarverk sprottið úr tónverki hennar METAXIS, sem frumflutt var í alrými Hörpu í upphafi Listahátíðar vorið 2024, en METAXIS var samið fyrir „tvístraða hljómsveit og rými“ þar sem ómríkt fordyri Hörpu batt saman leik hljóðfærahópa sem léku hver í sínu horni.



06.03 FIMMTUDAGUR Kl. 19:30 07.03 FÖSTUDAGUR Kl. 19:30

Víkingur leikur Brahms – 75 ára afmælistónleikar

Í mars 2025 verða 75 ár liðin frá því Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika þar sem hljómsveitin leikur stórvirki úr tónlistarsögunni undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Víkingur Heiðar Ólafsson er einn af eftirsóttustu klassísku tónlistarmönnum heims um þessar mundir og á þessum tónleikum tekst Víkingur á við annan píanókonsert Jóhannesar Brahms, stórbrotið glæsiverk sem spannar allt litrófið í leik einleikara og hljómsveitar – frá fingerðri ljóðrænu til magnþrunginna tilfinninga.

Þá hljómar Ein Heldenleben, eða Hetjulíf, eitt þekktasta tónaljóð Richards Strauss þar sem tónskáldið sjálft er söguhetjan, eins konar ofurmenni sem tekst á við mótlæti heimsins.

Tónleikarnir hefjast á nýju verki eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur, sem ber nafnið Gláðaspraða og pantað var af þessu tilefni. Það er þó ekki eina verkið sem frumflutt verður á tónleikunum, en leikið verður í fyrsta sinn Darraðarljóð Jóns Leifs sem er skrifað fyrir kór og hljómsveit, við texta úr Brennu-Njáls sögu, nánar tiltekið hinum dulmagnaða nornasöng sem Dörruður verður vitni að.



03.04 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

04.04 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30

Óperuveisla með Ólafi Kjartani

Ólafur Kjartan Sigurðarson, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hefur farið með himinskautum í heimi óperunnar á síðustu árum og sér ekki fyrir endann á sigurgöngu hans þar. Á undanförnum misserum hefur Ólafur komið fram í burðarhlutverkum á helstu sviðum óperuheimsins; í La Scala óperunni í Mílanó og á Wagnerhátíðinni í Bayreuth í Þýskalandi.

Hér býður Ólafur Kjartan til sannkallaðrar veislu – þetta er óperugala af bestu gerð þar sem glæsilegir gestir, söngvararnir Kristín Anna Guðmundsdóttir, Gunnar Björn Jónsson og Kristín Sveinsdóttir bregða sér í hin ýmsu hlutverk og syngja með Ólafi og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Um tónsprotann heldur Bjarni Frímann Bjarnason. Þessir tónleikar eru fullir af ástríðu, örlagaþrungnum aríum og dýrðlegum dúettum úr helstu perlum óperunnar, t.d. eftir Verdi, Puccini, Giordano og Bizet – ómissandi fyrir þá sem unna fögrum söng og óperutónlist.



05.06 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan

Kanadíska söngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er einstakur og margverðlaunaður listamaður sem kemur nú í fjórða sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á þessum tónleikum býður Hannigan áheyrendum upp á efnisskrá þar sem gleði og húmor eru við stjórnvölinn. Tónleikarnir hefjast á Music for the Theatre eftir Aaron Copland þar sem jazzinn og lífskraftur millistríðsáranna leika lykilhlutverk. Joseph Haydn var einstaklega mikill húmoristi og hafði gaman af því að koma áheyrendum sínum á óvart. Óvíða fær skopskyn hans að njóta sín jafnvel og í Sinfóníu nr. 90. Þá leikur sveitin kafla úr ballettinum La Gaité Parisienne (Parísarfjör) eftir Jacques Offenbach og tónleikunum lýkur á tveimur ómótstæðilegum sönglögum Kurts Weill í flutningi Barböru Hannigan. Tónleikar Hannigan með Sinfóníuhljómsveitinni á undanförnum árum hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda og áheyrenda og meðal annars þótti flutningur hennar á Mannsróddinni eftir Francis Poulenc bera vott um gríðarlegt listfengi og fágún – og henni „var fagnað sem poppstjörnu“ (Mbl). Samstarf Hannigan og Sinfóníuhljómsveitar Íslands er þó aðeins rétt að hefjast en nýlega var tilkynnt að hún yrði næsti aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar. Tekur hún við því kefli haustið 2026.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Pétur Björnsson
Pálína Árnadóttir
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Ísak Ríkharðsson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Joanna Bauer
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Justyna Bidler
Sigrún Harðardóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir

Víola

Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Sarah Buckley

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzeke
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

William Raagart

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Eggert Pálsson
Frank Aarnink

Blómaskreytingar á sviði

Ragnhildur Fjeldsted

Ljósahönnun

Helgi G Thoroddsen

Búningar

fengnir að láni frá
Borgarleikhúsinu

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
viðburða verkefnastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

REGNBOGAKORT SINFÓNÍUNNAR

Áskrift að Regnbogakorti veitir þér **20% afslátt** af almennu miðaverði. Hægt að velja ferna tónleika eða fleiri á Regnbogakort og þannig velja tónleika sem höfða mest til þín af öllum tónleikum starfsársins. Auk þess fá áskrifendur **10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika** og af gjafakortum hljómsveitarinnar.

Tryggðu þér áskriftarkort á vefnum á einfaldan hátt eða hafðu samband í miðasölu í síma 528-5050.



*Kvika eignastýring veitir allblíða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring